

Föstudaginn 17. desember 1967.

Nr. 154/1976. **Jósafat Arngrímsson**  
 (Kristján Eiríksson hrl.)  
 gegn  
**Ragnari Jónssyni og gagnsök**  
 (sjálfur).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Fjárnámsgerð staðfest.

### Dómur Hæstaréttar.

Sveinn Sigurkarlsson, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, Njarðvík og Grindavík og sýslumannsins í Gullbringusýslu, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Aðaláfrýjandi, sem skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1976, sem birt var 24. september s. á., krefst þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjaði málinu með stefnu 12. október 1976, krefst staðfestingar á fjárnámsgerðinni og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ómerkingarkröfu sína styður aðaláfrýjandi þeim rökum, að skylt hafi verið að byrja hina áfrýjuðu fjárnámsgerð á heimili sínu í Njarðvíkurkaupstað, en svo hafi ekki verið gert.

Fjárnámsbeiðni gagnáfrýjanda var rituð til bæjarfógetans í Njarðvík. Bæjarfógetinn í Njarðvíkurkaupstað er jafnframt bæjarfógeti í Keflavík, sbr. 2. gr. laga nr. 86/1975, og er embættisskrifstofa sameiginleg fyrir bæði embættin. Fulltrúi bæjarfógeta hóf fjárnámsgerðina á embættisskrifstofunni í fógetadómi Keflavíkur, en eigi Njarðvíkurkaupstaðar. Aðaláfrýjandi var sjálfur viðstaddur og benti á til fjárnáms hluta af fasteign í Keflavík. Hann hreyfði engum andmælum við því, að fjárnámsgerðin hæfist á embættisskrifstofunni og í fógetadómi Keflavíkur. Samkvæmt 2. mgr. 33. gr. laga nr. 19/1887 er fógeta heimilt eftir atvikum að byrja fjárnáms-

gerð annars staðar en á heimili gerðarþola. Ekki þykir það varða ómerkingu fjárnámsgerðarinnar, eins og hér stendur sérstaklega á, að hún hófst í fógetadómi Keflavíkur, en ekki Njarðvíkurkaupstaðar. Samkvæmt þessu verður fjárnámsgerðin ekki felld úr gildi vegna þess, að hún hafi ekki byrjað á réttum stað, og ber að staðfesta hana.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð :

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Aðaláfrýjandi, Jósafat Arngrímsson, greiði gagnáfrýjanda, Ragnari Jónssyni, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### **Fjárnámsgerð fógetaréttar Keflavíkur 29. júní 1976.**

Ár 1976, þriðjudaginn 29. júní, var fógetaréttur Keflavíkur settur í skrifstofu embættisins og haldinn af fulltrúa bæjarfógeta, Sveini Sigurkarlssyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Fógetaréttarmálið nr. 164/1976: Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður gegn Jósafat Arngrímssyni.

Gerðarbeiðandi mætir sjálfur í réttinum og leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 birtan dóm bæjarþings Keflavíkur, uppkveðinn 21. janúar 1975, og nr. 3 dóm Hæstaréttar, birtan 31. maí sl., uppkveðinn 14. maí 1976 (skjölin fylgja í ljósriti), og krefst fjárnáms til tryggingar dómskuldinni, kr. 1.500.000, auk 1,5% mánaðarvaxta frá 3. júlí 1974 til 18. júlí af kr. 500.000, en með 2% mánaðarvöxtum af sömu upphæð frá þeim degi til 3. ágúst 1974 og af kr. 1.500.000 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 325.000 í málskostnað og alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Gerðarþoli er sjálfur mættur í réttinum. Gætti fógæti leiðbeiningskyldu við gerðarþola, sem er ólöglerður, og skoraði fógæti á hann að greiða umkrafaða skuld, en hann kveðst ekki greiða.

Skoraði fógæti á mætta að benda á eignir gerðarþola til fjárnáms og brýndi fyrir honum að skýra rétt frá og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum.

Gerðarþoli mótmælir því, að fjárnámið nái fram að ganga, þar

sem hann vefengir handhöfn Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns að dóminum. Mótmælir Ragnar Jónsson þessum ummælum að því leyti er hann varðar og krefst þess, að gerðin fari fram. Eru mótmæli gerðarþola ekki tekin til greina, þannig að gerðin skal fara fram. Benti gerðarþoli að því búnu á 3. hæð fasteignarinnar nr. 31 við Hafnargötu í Keflavík. Gerðarbeiðandi krefst virðingar á eigninni. Samkvæmt upplýsingum gerðarþola nema áhvilandi veðskuldir á eignarhlutanum ca kr. 3.958.600, og eru veðréttirnir 6. Voru kvaddir í dóminn til þess að virða eignina til peningaverðs við nauðungarsölu þeir Jón G. Briem, cand. jur., og Bjarni F. Halldórsson, cand. oecon., sem jafnframt stundar fasteignasölu hér í bæ. Mótmælir gerðarþoli útnefningu þeirra til starfans. Voru þessi mótmæli ekki tekin til greina, og skulu þeir framkvæma matið samkvæmt bestu vitund og þekkingu, sem þeir staðfesta með undirritun sinni undir gerðina. Virðingarmenn fóru að því búnu og mátu eignina til sölu á nauðungaruppboði á kr. 13.900.000.

Taldi fógeti með hliðsjón af virðingargerðinni og þeim upplýsingum gerðarþola, að raunveruleg veðbönd væru nú um kr. 10.468.000, þar sem tvö handhafaskuldabréf á 3. veðrétti, samtals að fjárhjæð 1.000.000 kr., væru þegar greidd að fullu, væri umrædd eign næg trygging fyrir fjárnámskröfunni. Lýsti fógeti að því búnu yfir fjárnámi í 3. hæð hússins nr. 31 við Hafnargötu í Keflavík til tryggingar framangreindum kröfum og alls kostnaðar áfallins og áfallandi að geymdum betri rétti þriðja manns.

Brýndi fógeti fyrir mætta, að ekki mætti ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er í bága færi við gerð þessa, að viðlagðri refsíabyrgð að lögum.